

AUGLÝSING

um breyting á kjötskoðunargjaldi samkvæmt auglýsingu nr. 140 29. júlí 1939.

Aftan við 5. gr. fyrirmæla nr. 81 27. júlí 1933, um kjötskoðun, merkingu á kjöti o. fl., komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Auk þeirrar þóknunar, sem greiða skal lækni þeim, sem kjötskoðunina annast, samkvæmt framanskráðu, ber honum verðlagsuppbót eins og hún er ákveðin á hverjum tíma.

Landbúnaðarráðuneytið, 20. september 1941.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Ólafsvíkurkaupún.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Ólafsvíkurhöfn takmarkast af línu, er hugsast dregin frá Sjávarfossi í Fossá í Bullusker, og þaðan lína, er hugsast dregin í vestur í stefnu á Rif, og línu frá Loðnugjá í Ólafsvíkurenni hornrétt í fyrrnefnda línu.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Gjöld þau, sem ákveðin eru í reglugerð þessari, skulu renna í hafnarsjóð Ólafsvíkur, og skal honum varið til þess að gera umbætur á höfninni og mannvirkjum, er henni heyra til, svo og til leiðbeininga við innsiglingu á höfnina.

Hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps kýs 5 manna hafnarnefnd til eins árs í senn, og hefur hún, undir yfirstjórn hreppsnefndar, framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á eignum hennar, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar, innheimtu og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

Hreppsnefndin kýs hafnarnefnd á fyrsta fundi sínum í febrúarmánuði ár hvert.

Hafnarnefndarmenn skulu kosnir þannig: Einn úr hópi kaupmanna í Ólafsvík, tveir úr hópi sjómanna og tveir úr hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps.

Varamenn í hafnarnefnd kýs hreppsnefnd eftir sömu reglum.

Hreppsnefndin veitir fé úr hafnarsjóði til framkvæmda við höfnina eftir tillögum hafnarnefndar og ákveður, hvernig fé sjóðsins er ávaxtað, enda ber hún ábyrgð á eignum hans eins og öðrum eignum hreppsfélagsins.

Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja hreppsreikningnum og endurskoðast og úrskurðast með honum.